

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Inga Svavarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. nóvember 1986.

Nr. 162/1985. **Borgarverk h/f**

gegn

skiptaráðandanum í Kópavogskaupstað

f.h. Þrotabúsins Mekors h/f

Verksamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1985. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 135.080,00 krónur með ársvöxtum þannig: 45% frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á., 37% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en síðan með mánaðarvöxtum þannig: 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði skiptaréttar Kópavogskaupstaðar 16. október 1985 var bú Mekors h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Tók skiptaráðandi við aðild málsins fyrir hönd félagsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti greinir aðila á um það, hvort til skuldajafnaðar móti viðurkenndri kröfu áfrýjanda 135.080,00 krónum megi koma reikningar vegna framkvæmda við vegagerð samtals að fjárhæð 184.114,30 krónur og mismunurinn 49.034,30 krónur til sjálfstæðs dóms. Reikningarnir eru fyrir eftirfarandi:

1.	Hreinsun rasta af vegi á Hrútafjarðarhálsi	kr.	4.289,30
2.	Völtun á undirlagi vegar á Hrútafjarðarhálsi	“	11.040,00
3.	Flutning tækja úr Hrútafirði í Hvalfjörð	“	24.292,00
4.	Völtun á undirlagi vegar í Hvalfirði	“	4.089,00
5.	Viðgerð á klæðningu vegar við Ferstiklu í Hvalfirði	“	17.720,00
6.	Vanreiknað endurgjald fyrir verk í Melasveit	“	20.935,00
7.	Vanreiknað endurgjald fyrir verk í Hvalfirði	“	92.371,00
8.	Viðgerð á klæðningu vegar í Höfnum	“	9.378,00
Samtalskr.			184.114,30

Reikningar samkvæmt tl. 1. og 2.

Stefndi byggir þessar kröfur á því, að áfrýjandi hafi vanefnt að ljúka verki sínu á Hrútafjarðarhálsi í samræmi við úthöðsgögn. Hafi hann því þurft þar úr að bæta með þeim kostnaði sem reikningarnir sýna. Af málsgögnum sést að völtunin er framkvæmd dagana 17. - 20. ágúst 1982. Þeirri staðhæfingu framkvæmdastjóra áfrýjanda, að verkið hafi verið tekið út af eftirlitsmanni Vegagerðar ríkisins 17. ágúst, hefur ekki verið hnekkkt. Á verkfundi málsaðilja með fyrirsvarsmönnum Vegagerðarinnar 19. ágúst er bókað: „Jöfnun er lokið á Hrútafjarðarhálsi. Borgarverk hefur lokið störfum á svæðinu.“ Hvorki hefur stefndi sýnt fram á að hann hafi unnið verk sín að beiðni áfrýjanda né hann hafi um þau vitað fyrir en að reikningunum var framvísað 22. nóvember 1982. Gegn andmælum áfrýjanda, sem mótmælir reikningunum sem röngum, þykir skorta sönnun fyrir réttmæti þeirra. Ber því að sýkna áfrýjanda af greiðslu þeirra.

Reikningur samkvæmt 3. tl.

Kröfu þessa fékk stefndi framselda frá Hegranesi h/f. Hann telur að áfrýjandi hafi í heimildarleysi rift samningnum um framkvæmdirnar við Hvalfjarðarveg og Melasveitarveg og valdið því, að félagið flutti tæki og mannafla suður þangað að ófyrirsynju.

Samkvæmt samningi átti verkinu að vera lokið 1. september 1982, en svo var eigi. Á verkfundi Hegraness h/f með áfrýjanda og Vegagerð ríkisins 8. september var upplýst af þess hálfu, að tækin og mannaflinn yrðu flutt úr Húnavatnssýslum suður 10. september og sópun byrjaði næsta dag. Var við það miðað að framkvæmdir við lögn efra slitlags hæfust 15. september. Er tækin voru ekki komin á greindum tíma kvaddi verkfræðingur Vegagerðarinnar, Björn Ólafsson, framkvæmdastjóra áfrýjanda, Sigvalda Arason, á sinn fund og krafðist tafarlausra efnda á samningi þeirra. Bauð hann jafnframt fram vinnuflokk til að ljúka verkinu. Í vætti Björns fyrir héraðsdómi kemur fram, að klæðninguna verður að leggja við ákveðin veðurskilyrði og með því að liðið var á septembermánuð hafi Vegagerðin verið mjög uggandi að komið væri „á seinasta snúning að gera þetta“. Þá kemur fram það álit hans að eigi hafi mátt dragast að leggja slitlagið til þess að forða „þessum mannvirkjum frá eyðileggingu“. Hegranes h/f flutti tæki sín ekki suður fyrr en 22. september og ekki er fram komið að fyrirsvarsmenn félagsins hafi eftir 8. september haft samband við áfrýjanda eða Vegagerðina um það hvenær þeir hygðust ljúka verkinu að öðru leyti en því að þeir settu fram þá hugmynd að verða leystir undan því. Vegna þeirra aðstæðna, sem nú hefur verið lýst, mátti undirverktakanum, Hegranesi h/f, vera ljóst, að ekki var því að treysta að áfrýjandi og Vegagerðin teldu sér fært að bíða eftir efndum hans á samningnum ekki sist fyrir þá sök að tímaáætlanir hans frá verkfundinum 8. september höfðu brugðist og ekki er fram komið að hann hafi sýnt vilja á að bæta úr. Var það því óvarlegt af honum eins og á stóð að flytja tækin suður án þess áður að hafa samráð við aðalverktakann um það. Þykir því ekki eiga að taka kröfu þessa til greina.

Reikningur samkvæmt 4. tl.

Reikningur þessi er sagður fyrir völtun á undirlagi á Hvalfjarðarvegi dagana 9/7, 10/7, 26/7, 27/7 og 29/7 1982. Gagn andmælum

áfrýjanda þykir ekki nægilega sannað að honum beri að greiða þennan reikning.

Reikningur samkvæmt 5. tl.

Hér greinir málsaðilja á um það hvort orsök bilunar á klæðningu vegarins við Ferstiklu sé heldur að rekja til galla á undirlaginu eða klæðningunni sjálfri. Verður eigi af skýrslum þeirra fyrir héraðsómi ráðið hvort heldur muni vera. Verkfræðingur Vegagerðarinnar, Björn Ólafsson, var um þetta spurður í héraðsdómi. Hann taldi orsökina frekar hafa verið bilun í undirlagi en klæðningu. Þykir verða við það að miða og staðfesta úrlausn héraðsdóms um þennan kröfulið.

Reikningar samkvæmt 6. og 7. tl.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa kröfuliði með tilvísun til forsendna hans.

Reikningur samkvæmt 8. tl.

Hér greinir frá viðgerð klæðningar á fjórum stöðum á Hafnavegi 26. júní 1982. Áfrýjandi mótmælir kröfu þessari. Ekki þykir úrlausn þessa attriðis verða byggð á framburði Björns Ólafssonar verkfræðings fyrir héraðsdómi. Að svo komnu þykir stefndi ekki hafa rennt þeim stöðum undir kröfulið þennan að hann verði tekinn til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður krafa áfrýjanda 135.080,00 krónur tekin til greina að frádregnum kröfuliðum 5 - 7 samtals 131.026,00 krónum eða 4.054,00 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, skiptaráðandinn í Kópavogskaupstað f.h. þrotabús Mekors h/f, greiði áfrýjanda, Borgarverki h/f, 4.054,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 23. júní s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. maí 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 23. júní 1983 af Borgarverki hf., Sólbakka 17 - 19, Borgarnesi, nnr. 1380 - 3773 gegn Mekor hf., Auðbrekku 55, Kópavogi, nnr. 6568 - 3504 til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 135.080,00 ásamt 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins. Til vara er krafist lægri vaxta, þ.e. hæstu vaxta er lög heimila á hverjum tíma. Af hálfu stefnda Mekors hf. er krafist sýknu vegna skuldajafnaðar.

Með stefnu útgefinni 31. október 1983 og birt var 1. desember sama ár höfðar Mekor hf. mál fyrir bæjarþinginu á hendur Borgarverki til greiðslu á kr. 144.051,30 ásamt 45% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ. Þá er af hálfu gagnstefnanda krafist málskostnaðar vegna úrskurðar sem kveðinn var upp þann 7. febrúar 1985 varðandi sameiningu málanna en málflutningur fór fram um þann þátt málsins 4. febrúar sama ár.

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar að mati réttarins.

Aðalstefnandi byggir kröfu sína að fjárhæð kr. 135.080,00 á því að hann hafi unnið sem verktaki fyrir aðalstefnda við vegagerð í Húnavatnssýslu frá 4. ágúst 1982 til 3. september sama ár, en aðalstefndi hafi verið verktaki hjá Vegagerð ríkisins. Krafa aðalstefnanda er þannig sundurliðuð: vinna mælingamanns kr. 70.925,00, heflun vegarkafla kr. 43.636,00 og leiga á bifreið kr. 20.519,00. Reikningi aðalstefnanda, sem er viðurkenndur réttur af hálfu aðalstefnda, fylgja vinnuseðlar og eru þeir staðfestir af Ólafi Gunnarssyni, starfsmanni aðalstefnda.

Kröfur gagnstefnanda að fjárhæð kr. 279.131,30, þ.e. skuldajafnaðar-krafa að fjárhæð kr. 135.080,00 og krafa til greiðslu á kr. 144.051,30, er byggð á reikningum Hegranness hf. á hendur gagnstefnda Borgarverki hf. en reikningar þessir hafi orðið eign Mekors hf. við uppgjör Hegranness hf. og Mekors hf.

Samkvæmt tveimur verksamningum hafi Hegrannes hf. annars vegar tekið að sér að vinna sem undirverktaki í verki sem Borgarverk hf. tók að sér fyrir Vegagerð ríkisins á Suðvesturlandi og Borgarverk hf. hins vegar tekið að sér að vinna sem undirverktaki í verki sem Mekor hf. tók að sér að vinna fyrir Vegagerð ríkisins í Húnaþingi. Verk þessi skyldu unnin í báðum

tilfellum í samræmi við útboðsgögn og þeim skilað fullbúnum í hendur verkkaupa. Í verksamningi Borgarverks hf. og Hegraness hf. er tekið fram að Hegranes hf. taki að sér að leggja klæðningu á vegarkafila Hafnavegar, Vatnsleysustrandarveg, Hvalfjarðarveg og Melasveitarveg ásamt flutningi á efni á síðast talda veginn. Þá er einnig tekið þar fram að komið hafi til tals að Vegagerð ríkisins láti aðeins leggja eitt lag á Vatnsleysustrandarveg og fái verktaki greitt fyrir eitt lag í samræmi við þá skiptingu kostnaðar sem um semjast við Vegagerð ríkisins en það verði væntanlega 55 - 60% af verði tvöfaldrar klæðningar. Í verksamningi Mekors hf. og Borgarverks hf. er tekið fram að Borgarverk hf. taki að sér vinnu við gerð burðarlags og frágang yfirborðs þess undir slitlag í vegarköflum í Miðfirði og Vatnsdal.

Reikningar gagnstefnanda eru byggðir á því að gagnstefndi hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt tilgreindu samkomulagi. Gagnstefnandi segir reikninga þessa þannig til komna: Gagnstefndi hafi vanefnt að skila vegarköflum á Hrótafjarðarháls fullbúnum og í samræmi við útboðsgögn. Gagnstefnandi hafi því sjálfur þurft að vinna þau verk sem á vantaði, þ.e. hreinsun á röstum og völtun á undirlagi. Þetta hafi gagnstefnandi gert að kröfu Vegagerðar ríkisins og að beiðni gagnstefnda. Reikningur fyrir þessi verk eru að fjárhæð kr. 4.289,30 og 11.040,00.

Þá hafi gagnstefndi rofið samning við Hegranes hf. vegna lagningar seinna lags á vegarkafila í Hvalfirði og í Melasveit. Gagnstefnandi heldur því fram að komið hafi til tals milli forsvarsmanna samningsaðila að leysa Hegranes hf. frá umræddu verki en frá því hafi þó ekki verið gengið með neinum formlegum hætti. Því hafi Hegranes hf. flutt tæki og mannafla frá Hrótafirði í Hvalfjörð til þess að vinna verkið enda hafi bæði starfsmönnum og forsvarsmönnum Hegraness verið ókunnugt um samningsrofin. En er þangað kom hafi vinnuflokkur frá Vegagerð ríkisins þegar hafið þar framkvæmdir á verkþætti Hegraness að beiðni gagnstefnda. Reikningur vegna flutnings er að fjárhæð kr. 24.292,00 og reikningur vegna samningsrofs kr. 67.983,00, sem er 15% af óunnnu verki.

Í Hvalfirði hafi gagnstefndi dreift mól á miðju vegar vegna skemmda á neðra lagi klæðningar. Þessu hafi verið ójafnt dreift og því hafi Hegranes hf. þurft að hreinsa og sópa sem gagnstefndi hafi átt að gera. Reikningur vegna þessa er að fjárhæð kr. 21.877,00. Ennfremur hafi Hegranes hf. dreift mól á veginn eftir að útlögn lauk vegna þess að hróð og mikið umferð hafi áður hreinsað mól úr slitlaginu. Reikningur fyrir verkið er að fjárhæð kr. 5.157,00.

Reikningur fyrir völtun á undirlagi í Hvalfirði að fjárhæð kr. 4.089,00 sé þannig til kominn að þetta verk hafi Hegranes hf. unnið í samráði og að beiðni verkstjóra hjá gagnstefnda. Þá hafi Hegranes hf. gert við klæðn-

ingu við Ferstiklu I og II vegna bilunar í undirlagi og er reikningur vegna viðgerðar kr. 17.720,00.

Vegna breytinga á verkframkvæmd í Melasveit og í Hvalfirði greiddi gagnstefndi Hegræsi hf. 50% heildarverðs en Hegræsi lagði einungis eitt lag klæðningar vegna þessara breytinga í stað tveggja. Gagnstefnandi telur að fyrir lagningu fyrsta lags klæðningar hafi gagnstefnda borið að greiða 60% af heildarverði enda hafi verið gert upp vegna Vatnsleysustrandarvegar þannig, að greitt var 60% af heildarverði fyrir eitt lag klæðningar. Reikningar gagnstefnanda vegna þessa mismunar eru að fjárhæð kr. 20.935,00 vegna vegarklæðningar í Melasveit og kr. 92.371,00 vegna sama í Hvalfirði. Loks er reikningur gagnstefnanda vegna viðgerðar á fyrsta lagi klæðningar vegna galla í burðarlagi vegar í Höfnum og er hann að fjárhæð kr. 9.378,00.

Gagnstefndi hefur mótmælt öllum framangreindum reikningum gagnstefnanda. Reikningar þessir hafi hvorki verið samþykktir né áritaðir af sinni hálfu. Þeir hefðu fyrst komið fram þann 22. nóvember 1982 eða eftir að gagnstefndi hafi gert upp við Vegagerð ríkisins. Ekki hafi farið fram mat eða skoðun á þeim verkum sem gagnstefnandi teldi vanefnd af hálfu gagnstefnanda.

Gagnstefndi heldur því fram að hann hafi endanlega lokið sinni vinnu á Hrutafjarðarhálsi og liggi það fyrir í fundargerð Vegagerðar ríkisins frá 19. ágúst 1982. Því séu reikningar gagnstefnanda varðandi vegagerð á því svæði sér óviðkomandi.

Þá hefur gagnstefndi mótmælt því að honum bæri að bæta gagnstefnanda nokkurt tjón vegna þess að gagnstefnandi lagði ekki seinna lag klæðningar á Hvalfjarðarströnd. Gagnstefndi hafi óskað eftir því við Vegagerð ríkisins á fundi þann 14. september 1982 að hún léti honum í té tæki og mannafla til að ljúka þessu verki þar sem ekki þótti nægjanlega ljóst að Hegræsi hf. stæði við að ljúka verkinu í tæka tíð enda hafi verkinu átt að ljúka fyrir 1. september það ár en hvorki tæki né mannafli frá Hegræsi hf. komin á staðinn er fundur þessi var haldinn. Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram að af hans hálfu hafi Birni Einarssyni, fyrirsvarsmanni Hegræsi hf., verið gerð grein fyrir þessari ráðstöfun fyrst með símtali sama dag og síðan á fundi þeirra næsta dag. Verkið hafi verið tekið af Hegræsi hf. þar sem Vegagerð ríkisins hafi ekki getað sætt sig við frekari tafir á verkinu enda allra veðra von á þessum árstíma.

Gagnstefndi hefur mótmælt því að honum bæri að greiða kostnað vegna hreinsunar og sópunar á malarhaugum í Hvalfirði. Þar hafi komið fram bilun í miðju vegar á klæðningu af völdum umferðar og því hefðu starfsmenn gagnstefnanda sett mól á veginn fyrir beiðni Björns Einarssonar.

Varðandi aukadreifingu á mól í Hvalfirði sbr. dskj. nr. 8 í gagnsök

heldur gagnstefndi því fram að vöntun á mól stafi af galla sem fram hafi komið í verkþætti Hegraness hf. Ekki hafi gagnstefndi beðið Hegranes hf. um völtun á undirlagi samkvæmt dskj. nr. 9 í gagnsök.

Viðgerð á klæðningu við Ferstiklu I og II hafi verið vegna bilunar á verkþætti Hegraness hf.

Varðandi reikning á dskj. nr. 13 í gagnsök kannast gagnstefndi ekki við að um hafi verið að ræða galla í burðarlagi í Hafnavegi.

Loks hefur gagnstefndi mótmælt því að honum bæri að greiða gagnstefnanda 60% heildarverðs fyrir gerð fyrsta lags klæðningar í Melasveit og í Hvalfirði enda hafi hann aldrei fallist á slíkt uppgjör. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að leggja eitt lag sé m.a. sú að Hegranes hf. hafi vanefnt að ljúka verkinu á umsömdum tíma.

Niðurstöður.

Því er haldið fram af hálfu gagnstefnda að reikningar Hegraness hf. á hendur honum hafi hvorki verið samþykktir né áritaðir af sinni hálfu. Reikningar þessir væru of seint fram komnir. Þá hafi ekki farið fram mat eða skoðun á þeim verkum sem talin voru vanefnd af gagnstefnda og krafa væri gerð um bætur fyrir af hálfu gagnstefnanda. Dómurinn lítur svo á að engin þessara röksemda leiði til þess að líta verði á reikninga þessa sem óréttmæta. Kröfur gagnstefnanda máls þessa á hendur gagnstefnda þykir rétt að taka til greina svo sem nú verður rakið.

Hreinsun á röstum og völtun á undirlagi á Hrútafjarðarhálsi sbr. dskj.nr. 3 og 4 í gagnsök tilheyrir þeim verkþætti sem gagnstefndi tók að sér að vinna með samkomulagi málsaðila. Þykir það engu breyta í því efni þótt úttekt Vegagerðar ríkisins hafi farið fram er verkið var unnið af gagnstefnanda. Kröfur gagnstefnanda að fjárhæð kr. 4.289,30 og kr. 11.040,00 verða því teknar til greina.

Varðandi flutning á úthaldi úr Hrútafirði og í Hvalfjörð sbr. dskj. nr. 5 í gagnsök hefur gagnstefndi haldið því fram að flutningur þessi hafi farið fram eftir að verkþáttur Hegraness hf. hafi verið felldur niður.

Dómurinn lítur svo á með vísan til þess sem fram hefur komið í málinu að gagnstefnda hafi ekki tekist að sanna gegn eindregnum mótmælum gagnstefnanda að Hegranesi hafi með formlegum hætti verið gert ljóst að til riftunar hafi komið. Drög að samkomulagi á dskj. 20 í gagnsök og umræður um það staðfesta þetta frekar. Ber því að taka til greina kröfu gagnstefnanda að fjárhæð kr. 24.292,00.

Krafa gagnstefnanda sbr. dskj. nr. 6 í gagnsök er byggð á því að hann hafi orðið fyrir fjártjóni og miska vegna samningsrofs gagnstefnda svo sem nánar er rakið hér að framan. Ekki þykir gagnstefnandi hafa sýnt fram á að tjón hans vegna þessa hafi orðið meira en það sem tildæmt er hér

að framan vegna flutnings á úthaldi. Þykja því ekki efni til að dæma sérstakar bætur að þessu leyti hvorki fyrir fjártjón né miska.

Krafa gagnstefnanda um greiðslu fyrir hreinsun og sópun á vestasta hluta vegar í Hvalfirði sbr. dskj. nr. 7 í gagnsök er vegna malar sem gagnstefndi lét dreifa á veginn. Var verk þetta unnið að beiðni Hegranness hf. og á ábyrgð þess. Þykir því ekki rétt að taka þessa kröfu gagnstefnanda til greina. Reikning gagnstefnanda vegna aukadreifingar á mól sbr. dskj. nr. 8 í gagnsök segir hann tilkominn vegna óheftrar umferðar um veginn sem gagnstefndi beri ábyrgð á sem aðalverktaki. Eigi þykir gagnstefnandi hafa sannað gegn mótmælum gagnstefnda að vöntun á mól stafti eingöngu af umferðarpunga og ekki einhverju öðru svo sem blæðinga sem til væru komnar vegna of lítillar malar í upphaflegri klæðningu. Þykir því ekki rétt að taka kröfu þessa til greina.

Krafa gagnstefnanda fyrir völtun á undirlagi í Hvalfirði er fram kemur á reikningi í dskj.nr. 9 í gagnsök. Fallast verður á það sem fram hefur komið að verk þetta hafi Hegranness hf. unnið í samráði við verkstjóra gagnstefnda og að verkið hafi tilheyrt verkþætti þeim er gagnstefnda bar að inna af hendi samkvæmt áðurgreindu samkomulagi hans og Hegranness hf. Verður því þessi krafa gagnstefnanda að fjárhæð kr. 4.089,- tekin til greina.

Þá hefur gagnstefnandi gert kröfu um greiðslu fyrir viðgerð á klæðningu við Ferstiklu I og II vegna bilunar í undirlagi. Með framburði Björns Ólafssonar, starfsmanns Vegagerðar ríkisins, þykir staðfest að bilun þessi hafi verið í undirlagi sem gagnstefndi beri ábyrgð á en fullyrðingar gagnstefnda þess efnis að bilun hafi orðið vegna verkþáttar Hegranness hf. eru með öllu órökstuddar. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þessa kröfu gagnstefnanda að fjárhæð kr. 17.720,00.

Varðandi reikninga á dskj. nr. 11 og 12 lítur dómurinn svo á að kröfur gagnstefnanda sem á þeim byggist séu réttmætar með vísan til þess í fyrsta lagi að í samningi aðila á dskj. nr. 6 í aðalsök er tekið fram að væntanlega verði greitt fyrir neðra lag 55 - 60% af verði tvöfaldrar klæðningar. Í öðru lagi er fram komið og eru málsaðilar sammála um það að Vegagerð ríkisins hafi gert upp Vatnsleysustrandarveg þannig að greitt hafi verið 60% af heildarverði fyrir neðra lag klæðningar. Í þriðja lagi fer meira efni í neðra lag klæðningar enda staðfest með framburði Björns Ólafssonar, starfsmanns Vegagerðar ríkisins, að algengt sé að greitt sé 60% af heildarverði tvöfaldrar klæðningar fyrir neðra lag. Samkvæmt þessu verða tildæmdar kröfur að fjárhæð kr. 20.935,00 og kr. 92.371,00.

Reikningur á dskj. nr. 13 í gagnsök er tilkominn vegna bilunar á burðarlagi. Þykir nægjanlega staðfest með framburði Björns Ólafssonar að svo hafi verið og að ekki breyti það neinu þeirri niðurstöðu þótt af hálfu gagnstefnda hafi því verið haldið fram að hann kannist ekki við að svo hafi

verið. Dæma ber því gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda kr. 9.378,-.

Samkvæmt þessu verða tildæmdar kröfur gagnstefnanda samtals að fjárhæð kr. 184.114,30. Kröfur aðalstefnanda að fjárhæð kr. 135.080,- eru viðurkenndar af hálfu aðalstefnda en krafist er skuldajafnaðar sem hefur eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu aðalstefnanda. Ber því aðalstefnanda Borgarverki hf. að greiða aðalstefnda Mekor hf. kr. 49.034,30 með eftirfarandi vöxtum: 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til 21. september sama ár en með 37% frá þeim degi til 21. október sama ár en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember sama ár en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985 en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt að gagnstefndi, Borgarverk hf., greiði gagnstefnanda hluta málskostnaðar með vísan til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og verkfræðingarnir Björn Ólafsson og Baldur Jóhannesson, en máli þessu var útlutað þann 5. nóvember 1984.

D ó m s o r ð:

Aðalstefnandi, Borgarverk hf. greiði aðalstefnda, Mekor hf. kr. 49.034,30 með 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til 21. september sama ár, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október sama ár, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember sama ár, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Borgarverk hf. greiði Mekor hf. kr. 17.000,00 í málskostnað.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans að telja.